



Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. janúar 2005  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðvænum auðlindum, 374. mál**  
*Tilv: 2004120008*

Visað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis dags. 13. desember sl., þar sem leitað er álit á ofangreindu lagafrumvarpi.

Það er mikilvægt að hafa skýrar lagareglur um þau efni, sem frumvarpið fjallar um og að því leyti er það jákvætt. Skilyrði fyrir leyfum til leitar, rannsókna og nýtingar auðlindanna verða skýrari en í gildandi lögum og umsóknaferlið gagnsætt.

Á hinn bóginn er Orkustofnun falið feikilega mikið hlutverk við upplýsingaöflun, afskipti, varðveislu gagna og eftirlit, sem ætla má að verði gríðarlega dýrt og ekki er í öllum tilfellum ljós þörf fyrir. Í því sambandi er vakin athygli á umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins, sem Bændasamtökunum gafst færi á að skoða.

Lagafrumvarpið, sem og reyndar gildandi lög, felur í sér viðtækar heimildir til ráðstöfunar á eignarlandi óháð og jafnvel í andstöðu við vilja landeigenda. Er þá reyndar gert ráð fyrir, að samið sé um bætur eða viðkomandi auðlind sé tekin eignarnámi. Skilyrði fyrir eignarnámi eru þó ekki tilgreind í lagatextanum í 36. grein, en í því sambandi hlýtur að mega treysta á ákvæði 72. greinar stjórnarskrárinnar, þar sem segir: “Engan má skylda til að láta af hendi eign sína **nema almenningsþörf krefji**”.

Skilgreining á hugtakinu “jarðræn auðlind” er mjög víðtæk og leggjum við til að hún verði endurskoðuð og þrengd. Það er t.d. óþarft og óviðunandi að landnýting, s.s. ræktun eða önnur nýting jarðvegs, og malarnám eða nýting andrúmsloftsins falli undir þessi lög. Lagafrumvarpið takmarkar nýtingu jarðefna (berg, grjót, möl, leir, sandur, vikur o.s.frv.) við heimilis- og búsparfir, sbr. 21. grein. Þetta er nýtt og óviðunandi. Leyfisveitingar eru í föstum farvegi samkvæmt öðrum lögum. Til efnistöku þarf framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, og er nánar kveðið á um forsendur leyfisveitingar í náttúruverndarlögum nr. 44/1999, en einmitt þau ákvæði er nú verið að skerpa samkvæmt frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi. Öll efnistaka yfir tilgreindum mörkum, úr gömlum sem nýjum námum, verður þar með starfsleyfis skyld og heyrir einnig undir lög um mat á umhverfisárum. Aðkomu nýrrar stofnunar til leyfisgjafar og eftirlits er ofaukið á þessu sviði.

Í 3. grein frumvarpsins eru búsparfir skilgreindar svo: “Búsparfir til kvikfjárræktar”. Þessi skilgreining er of þröng og ekki í takt við tímann. Eðlilegast er í þessu sambandi að miða við “landbúnað” sbr. skilgreiningar í nýjum jarðalögum nr. 81/2004, 2. grein.

Loks þykir Bændasamtökum Íslands eðlilegt, sem samtök um mikils meirihluta þeirra sem fara með einkaeignarhald á landi, að eiga fulltrúa í nefnd þeirri sem skipa á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.

Viðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson